

AUGLÝSING

um deiliskipulag Óseyrar í Stöðvarfirði, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 3. september 2015 deiliskipulag Óseyrar í Stöðvarfirði.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér að sköpuð er umgjörð um ferðapjónustu, frístundasvæði og skógrækt. Gert er ráð fyrir byggingu smáhýsa, geymslum eða öðrum byggingum tengdum ferðapjónustu. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 28. september 2015.

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2015